

8. fundur stjórnar AP, starfsárið 2009-2010

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 9. júní 2010 kl.14:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Guðmundur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi Byggðastofnunar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Ársreikningur AP 2009

Framkvæmdastjóri fór yfir reikninginn og gerði grein fyrir einstökum þáttum hans. Framsetningu reikningsins hefur verið breytt frá fyrra ári hvað varðar vaxtarsamning. Rekstrartekjur ársins voru 64,9 mkr., rekstrargjöld 67,6 mkr. og fjármagntekjur 1,4 mkr. Halli ársins var því 1,3 mkr. Heildareignir eru 38,9 mkr. og skuldir og skuldbindingar 47,3 mkr. og eigið fé því neikvætt um 9,0 mkr.

Eftir yfirferð var reikningurinn staðfestur af stjórn með undirritun.

Lagt fram og farið yfir efni endurskoðunarbréfs löggilts endurskoðanda félagsins vegna ársins 2009.

2. Aðalfundur vegna ársins 2009

Samþykkt að boða til aðalfundar miðvikudaginn 23. maí kl. 14:00. Framkvæmdastjóra falið að finna fundarstað og boða fundinn.

Samþykkt að leggja svofelldar tillögur fyrir aðalfundinn:

- a) „Fundurinn staðfestir fyrri ákvarðanir hluthafafunda 27. maí og 8. október 2004 um hækkun hlutafjár, sem þegar hafa verið greiddar í peningum að fullu, og viðeigandi breytingu á 4. gr. samþykktu félagsins, en þær hafa ekki verið tilkynntar til Fyrirtækjaskrár.
4. grein samþykktu félagsins verður þannig: „Hlutafé félagsins er kr. 5.753.910 -krónur fimm milljónir sjö hundruð fimmtíu og þrjú þúsund níu hundruð og tíu. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 – ein króna- að nafnverði.““
- b) Tillaga um lækkingu hlutafjár:
„Núverandi hlutafé félagsins er lækkað í kr. 500.000,- eða um kr. 5.253.910,- og skal lækkinginni ráðstafað á móti ójöfnuðu tapi félagsins, sbr. 1. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995.“
- c) Tillaga um hækkun hlutafjár:
„Stjórn félagsins er heimild að auka hlutafé þess um allt að 10 mkr. að nafnverði með áskrift nýrra hluta á genginu 1. Forkaupsréttur hluthafa gildir til 30. nóvember 2010 með greiðslufresti til 15. desember 2010. Það sem þá kann að vera óselt getur stjórn félagsins selt á tímabilinu 30. nóvember 2010 til 28. febrúar 2011 á genginu 1 með greiðslufresti til 15. mars 2011. Heimild til hlutafjárukningar fellur niður 28. febrúar 2011 að því marki sem hún hefur þá ekki verið nýtt.“

Rætt um og farið yfir hugmyndir um veitingu hvatningarverðlauna AP og samþykkt að veita tveimur aðilum verðlaunin að þessu sinni sem tilkynnt verður um við upphaf málþings strax að loknum aðalfundi.

Ræddar hugmyndir að umfjöllunarefni á málþingi í tengslum við aðalfundinn og ákveðið að fjalla um skipulag samgöngumála með tilliti til svæðisbundinnar samkeppnishæfni undir heitinu „Samgöngur og samkeppnishæfni“. Framkvæmdastjóra í samráði við stjórnarformann og einstaka stjórnarmenn eftir atvikum falið að útfæra dagskrána frekar.

3. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri vakti athygli á að ársfundur Byggðastofnunar færi fram n.k. föstudag kl. 13:0 í Miðgarði í Skagafirði.
- b) Farið yfir stöðu mála varðandi bókaútgáfu sem tengist Snow Magic verkefninu og áður hefur verið til umfjöllunar stjórnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30

Símafundur haldinn 10. júní kl. 18:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1) Endanleg útfærsla tillagna til aðalfundar.

Samþykkt útfærsla tillagna til aðalfundar varðandi núverandi hlutfé félagsins, niðurfærslu núverandi hlutfjár og hækkun hlutfjár með sölu nýrra hluta, sbr. fundargerð stjórnar 9. júní 2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10